

**Nr. 080 / 16 Einar Hálfðans ÍS 11****Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2790  
Smíðaður: Trefjar, 2009, trefjaplast  
Stærð: 14,95 bt  
Mesta lengd: 12,46 m Skráð lengd: 11,34 m  
Breidd: 3,75 m Dýpt: 1,4 m  
Vél: Yanmar, 368,0 kw, árg. 2013  
Fjöldi skipverja: 2

**Gögn:**  
Gögn RNSA



Einar Hálfðans ÍS 11 © Fiskifrétir

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 28. maí 2016 var Einar Hálfðans ÍS 11 á línuveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NA 1 m/sek.

Vaktstöð siglinga varð var við að Einar Hálfðans datt út úr ferilvöktun og reynt var að ná sambandi við hann en án árangurs. Haft var samband við báta á svæðinu og náði einn þeirra sambandi við Einar Hálfðans og kom þá í ljós að allt rafmagn var farið af bátnum og skipverjar unnu að viðgerð.

Það var Sædís ÍS 67 sem dró Einar Hálfðans til hafnar í Bolungarvík.

**Við rannsókn kom fram:**

- að bolti við rafalinn (altenator) brotnaði og drifreimin fór af;
- að vegna athugunarleysis fór allt rafmagn út af rafgeymum og báturinn varð rafmagnslaus.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.